

Fundur svæðisráðs sunnudaginn 7. feb. 2016, haldinn í síma, kl. 13.00

Mætt: Heiða Guðmundsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Erla Ívarsdóttir og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

Samkvæmt fundarboði var eitt atriði til umræðu á fundinum auk annarra mála.

1. Vinnuskjöl í tengslum við ný lög um opinber fjármál

Ástu Berghildi, sem situr fundi stjórnar í fjarveru Heiðu Guðnýjar, var falið að leita umsagnar svæðisráðs á fjórum vinnuskjöllum (merktum 0-3) vegna nýrra laga um opinber fjármál. Svæðisráð fagnar þessari vinnu sem vafalaust mun skila sér í skilmerkilegri forgangsröðun fjárheimilda vegna fjárlaga næstu ára. Svæðisráð fór sérstaklega yfir þætti er lúta að veigamiklum verkefnum (VV) og þeim veigamiklum verkefnum sem fela í sér framkvæmdir (VfV) sbr. lista í vinnuskjali 2.

Svæðisráð tekur undir þá forgangsröðun sem fram kemur í lista yfir þau veigamiklu verkefni sem fyrir liggja á bls. 17-24 í vinnuskjali 2 og telur að mótun atvinnustefnu (verkefni V) og vinna við skipulagsáætlun (verkefni U) hafi jafnt forgangsvægi (VV1). Brýnt er að ljúka vinnu við þetta tvennt sem fyrst.

Varðandi lista yfir þau veigamiklu verkefni sem fela í sér framkvæmdir (vinnuskjal 2, bls. 24-26) þá vill svæðisráðið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

- Svæðisráðið fagnar því að sjá framkvæmd við gestastofu á Kirkjubæjarklaustri ofarlega á lista og tekur undir það að áhersla verði lögð á að tryggja áframhaldandi fjármögnun þeirra verkefna þar sem vilyrði fyrir fjármagni liggur fyrir.
- Svæðisráðið áréttar mikilvægi þess að koma uppbyggingu í Hrauneyjum á lista yfir framkvæmdir og telur brýnt að hefjast handa við þær eigi síðar en á árinu 2017. Samkvæmt Stjórnunar- & verndaráætlun þjóðgarðsins eru Hrauneyjar skilgreindar sem landvörslustöð. Í ljósi þeirra markmiða sem fram koma í Stjórnunar- & verndaráætlun sem og framkominna áherslna svæðisráðs vestursvæðis um aukna upplýsingagjöf í Hrauneyjum, telur svæðisráðið brýnt að Hrauneyjar verði skilgreindar sem upplýsingastöð - jafnvel sem gestastofa - með mannaðri viðveru allt árið. Um er að ræða fjölfarna aðkomuleið að vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Fjallabaki allt árið um kring.

2. Önnur mál

Orri Páll reifar stöðu nokkurra mála.

- Fyrirhugaður er fundur seinna í febrúar með fulltrúum Landsvirkjunar vegna mögulegra samlegðaráhrifa af uppbyggingu upplýsinga- og landvörslustöðvar í Hrauneyjum. Fulltrúar þjóðgarðsins hafa farið þess á leit að hitta fulltrúa Landsvirkjunar vegna þessa.
- Auglýst var eftir aðstoðarmanni þjóðgarðsvarðar á vestursvæði fyrir tímabilið 15. mars til 31. desember 2016. Birtist auglýsingin á Starfatorgi, í helgarblaði Fréttablaðsins um síðust helgi og í nýútkominni Dagskrá – fréttablaði Suðurlands. Svæðisráðsmeðlimir eru hvattir til að áframsenda auglýsinguna til áhugasamra.
- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða opnaði fyrir nýjar umsóknir í upphafi árs. Tvær nýjar umsóknir voru sendar inn vegna framkvæmda á vestursvæði; hönnun og framkvæmd við bætt aðgengi fyrir alla við Tjarnargíg og hönnun útsýnispalls við gíg næstan Laka. Fyrir lá óafgreidd umsókn frá síðasta hausti um kláf eða brú yfir Skaftá við Sveinstind.

Fundi slitið kl. 14.25